



Menntamálaráðuneytið	
Ab.	R-7
- 6. mars 2008	
Tilv:MMR	07100363
Db.	10-2

Skrifstofa rektors

Menntamálaráðuneytið
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
menntamálaráðherra
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Akureyri, 3. mars 2008
Tilv.: 080222

Efni: Viðbrögð við efni skýrslu og umsagnir sérfræðinganefndar menntamálaráðuneytis vegna viðurkenningar á heilbrigðisvísindum.

Háskólanum á Akureyri hefur borist beiðni frá menntamálaráðuneytinu í bréfi dagsettu 8. febrúar 2008 þar sem óskað er, með vísan til 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að háskólinn skili athugasemdam sínum við efni skýrslu og umsagnir sérfræðinganefndar um heilbrigðisvísindi. Er það í framhaldi af umsókn háskólans um viðurkenningu á fræðasviðinu á grundvelli 3. gr. laga um háskóla nr. 63/2006 og send var menntamálaráðuneytinu þann 1. september 2007. Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri hefur átt þess kost að gera athugasemdir við drög skýrslunnar á fyrri stigum.

Skýrslan hefur verið til umræðu og umfjöllunar sem trúnaðarmál á fundum háskólaráðs, framkvæmdastjórnar háskólans og viðkomandi deildarforseta að undanfögnu og er hún að áliti allra vel unnin og hin gagnlegasta fyrir háskólann. Menn innan háskólans eru ánægðir með mjög jákvæða umsögn um heilbrigðisdeild, bæði starfsfólk og nemendur og að mælt sé með viðurkenningu á fræðasviðinu sem samanstendur af hjúkrun og iðjuþjálfun. Samstarfi nemenda og starfsmanna er hælt og vakin athygli á þeirri staðreynd að smæð háskólans auðveldi jákvæð og gjöful tengsl á milli þessara aðila. Fjarkennslan, sem heilbrigðisdeild hefur boðið upp á í hjúkrun um árabíl, fær jákvæða umsögn ekki síst fyrir það að mæta brýnni þörf fyrir menntun hjúkrunarfræðinga í hinum dreifðu byggðum landsins. Í viðhengdu bréfi deildarforseta heilbrigðisdeildar koma fram viðbrögð deildarinnar við athugasemdam sérfræðinganefndarinnar.

Stefna Háskólans á Akureyri 2007-2011 var samþykkt í háskólaráði 26. febrúar 2007. Í kjölfar þeirrar stefnumörkunar var þann 18. desember 2007 undirritaður samningur á milli menntamálaráðuneytis og háskólans um kennslu og rannsóknir sem gildir til ársloka 2010.

Samningurinn geymir helstu áherslur í starfsemi HA á samningstímanum og er sameiginlegt markmið samningsaðila að skapa forsendur fyrir því að háskólinn öðlist viðurkenningu sem háskóli á heimsmælikvarða á skilgreindum fræðasviðum. Til að ná fram þessu markmiði hyggjast menntamálaráðuneyti og HA vinna saman að margvíslegum áherslum á samningstímanum sem nánar eru tilgreind í samningnum. Með samningnum fylgir einnig ítarleg áætlun þar sem helstu aðgerðir, mælikvarðar og




Skrifstofa rektors

viðmið eru sett fram með skýrum hætti til að tryggja eftirfylgni með samningnum. Á samningstímanum mun Háskólinn á Akureyri endurskoða skipulag háskólans í heild með það að markmiði að styrkja faglegan grundvöll fræðastarfseminnar. Þannig verði skapaðar enn öflugri og sjálfstæðari meginæiningar innan háskólans þar sem í boði er framúrskarandi nám og stundaðar rannsóknir sem skapa eftirsóknaverða þekkingu á alþjóðavísu. Jafnframt mun HA halda áfram að byggja upp krefjandi og styðjandi námsumhverfi fyrir nemendur og starfa í virkum tengslum við samfélagið hvort sem er heima eða á heimsvísu. Þá mun HA afla sér viðurkenningar á þeim fræðasviðum sem skólinn starfar á. Með þeim umsóknum sem fram hafa verið lagðar fyrir fræðasvið auðlindavísinda, félagsvísinda, og heilbrigðisvísinda og sem nú hafa hlotið mjög jákvæðan dóm sérfræðinga telur Háskólinn á Akureyri sig hafa uppfyllt markmiðið fyrir öll fræðasvið sem starfsemi hans nær til.

Háskólinn á Akureyri, háskólaráð, framkvæmdastjórn og starfsmenn allir þakka menntamálaráðuneytinu, sérfræðinganefndunum og starfsmönnum Rannís fyrir gott samstarf við verkefni sem var stórt í sniðum og fjöldi manna kom að. Verkefnið reyndi á samhæfingu og samstarf innan háskólans og eflði meðvitund allra starfsmanna hans um gæði í starfseminni og hvað það er sem skapar þau. Viðurkenningarferlið hefur eflt háskólann og styrkt starfsfólk hans í þeirri trú að Háskólinn á Akureyri hefur náð miklum árangri og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í framtíðinni.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor



Akureyri 25. febrúar 2008

Efni: Viðbrögð heilbrigðisdeildar Háskólans á Akureyri við skýrslu sérfræðinganefndar um viðurkenningu á sviði heilbrigðisvísinda.

Heilbrigðisdeild lýsir yfir ánægju sinni með skýrslu sérfræðinganefndarinnar vegna umsóknar deildarinnar um viðurkenningu á fag- og fræðasviðum sínum og telur þá vinnu sem unnin var í tengslum við umsóknina afar gagnlega fyrir þróun deildarinnar og háskólans á komandi misserum. Deildin þakkar sérfræðinganefndinni fyrir vandaða og ítarlega úttekt á starfi deildarinnar. Þá vill deildin jafnframt þakka starfsfólki menntamálaráðuneytisins og Rannís fyrir ánægjuleg og gagnleg samskipti í tengslum við umsóknina.

Í skýrslu nefndarinnar eru nokkur atriði og ábendingar sem munu gagnast deildinni við frekari útfærslu og framkvæmd stefnumótunar hennar. Önnur atriði og ábendingar varða háskólann í heild og eru sömuleiðis vel þegnar og munu gagnast háskólanum vel í frekari útfærslu og framkvæmd stefnu hans. Þar má m.a. nefna siðareglur háskólans og móttöku nýrra starfsmanna sem hvorutveggja er til umfjöllunar og úrlausnar á yfirstandandi skólaári.

Deildin gerir ekki athugasemd við skýrsluna, en vill nota tækifærið og greina ráðuneytinu frá því hvernig verði brugðist við ábendingum sérfræðinganefndarinnar. Nefndin leggur m.a. til að fyrirkomulag samkeppnisprófa verði endurskoðað og athugað hvort hægt er að koma á einhvers konar inntökuprófum að hausti áður en nám hefst í stað samkeppnisprófa í lok fyrstu annar í desember eins og nú er. Þá er bent á að óheppilegt sé að nemendur heilbrigðisdeildar þurfi hærri einkunn til að komast áfram á aðra önn en nemendur í hjúkrunarfræðideild HÍ. Þetta mál hefur verið til umræðu í deildinni, m.a. að frumkvæði námsráðgjafa háskólans. Deildarfundur taldi sl. vor (2007) ekki ástæðu til taka upp inntökupróf en brugðist var við mikilli aðsókn í hjúkrunarfræðinámið við deildina með því að fjölga nemendum í numerus klásus um liðlega 26% haustið 2006. Varðandi hitt atriðið að nemendur hafi þurft hærri einkunn til að komast áfram í hjúkrunarfræði í HA en í HÍ þá er þetta rétt, en mikil aðsókn í hjúkrunarfræði við heilbrigðisdeild HA hefur gert það að verkum að samkeppni er að einhverju leyti harðari um hvert sæti í HA en í HÍ.

Nefndin bendir einnig á að deildin hafi gert átak í eflingu rannsókna kennara, m.a. í samstarfi við innlenda og erlenda aðila, og sett sér raunhæf markmið í því sambandi. Þó



Skrifstofa rektors

þurfi hér að huga að því að gefa kennurum deildarinnar tækifæri til að stunda nám samhliða kennslu: Hér er m.a. verið að vísa til þess að þrír starfandi kennarar við heilbrigðisdeild hafa lokið doktorsprófi á sl. tveimur árum samhliða kennslu og fjórir til viðbótar eru í doktorsnámi, sem mun ljúka á næstu árum. Háskólinn og heilbrigðisdeild hafa stutt við þessa viðleitni starfsmanna til að efla sig faglega og ráðstafanir hafa verið gerðar til að svo megi verða áfram. Má þar m.a. nefna veitingu rannsóknaleyfa og ráðstafanir til að létta á öðrum starfskyldum kennara en rannsóknum, meðan á doktorsnámi stendur.

Loks er bent á að skoða þurfi vinnuálag nemenda í lotubundnu meistaranámi með því að dreifa verkefnavinnu betur: Námsnefnd og námsráð framhaldsnámsins við heilbrigðisdeild mun taka á þessu máli á næstunni og reyna að finna á því viðunandi lausn fyrir upphaf haustannar 2008.

Virðingarfyllt

Hermann Óskarsson,

deildarforseti heilbrigðisdeildar HA